— *Brjef* ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja um* klausturgjöld til prestanna á Akureyri og í Grímsey. — Þjer hafið, herra landshöfðingi, ritað hingað 1. ágúst þ. á. með bónarbrjefi, er ummæli hlutaðeigandi amtmanns fylgdu, þar sem þeir sóknarpresturinn á Akureyri og að Munkaþverá og Kaupangi, Daníel prófastur Halldórsson, og sóknarpresturinn að Miðgarði í Grímsey, Pjetur Guðmundsson, fara þess á leit, að klausturgjöld þau, er þeim bera, en það eru 5 hundruð í landaurum af Munkaþverárklaustri til handa síra Daníel, og handa síra Pjetri 1 hundrað af Munkaþverárklaustri og 1 hundrað af Möðruvallaklaustri, og sem hingað til hafa verið greidd í landaurum, nokkuð í smjöri, nokkuð í eingirnissokkum eða eptir verðlagsskrár verði þeirra, verði eptirleiðis greidd í peningum eptir meðalverði verðlagsskrár, og að settur verði fastur gjalddagi fyrir greiðslu prestskyldarinnar. Hafið þjer lagt það til, að beiðni þessi verði veitt, eins og breytt var gjaldeyri í prestskyldirnar handa prestum Möðruvalla og Þingeyraklausturskirkna með brjefi ráðgjafans 26. janúar f. á., og skuli gjöld þessi greiða hjeðan af í peningum í lok hvers fardaga-árs, eptir meðalverði verðlagsskrár þeirrar, er þá stendur, í fyrsta skipti fyrir fardaga-ár það, er nú er að líða. **123** 10. okt.

Út af þessu skal yður þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, meðal annars fyrir hlutaðeiganda endurskoðanda, að ráðgjafinn fellst á tillögur yðar.

— *Brjef* ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja um* að prenta megi nefndarálitin í skattamálinu, skólamálinu og landbúnaðarmálinu. — Þjer hafið, herra landshöfðingi, sent hingað bónarbrjef, þar sem 8 alþingismenn fara þess á leit, að nefndarálit nefnda þeirra þriggja, er skipaðar hafa verið til að íhuga skattamál, skólamál og landbúnaðarmál Íslands, og koma fram með tillögur um skipan þeirra mála, verði sett á prent og þeim útbýtt meðal alþingismanna í vetur, og í þóknanlegu brjefi 12. f. m. skotið því til ráðgjafans, hvort honum virtist ástæða til að veita hið umbeðna leyfi til prentunar og útbýtingar þessara nefndarálita. **124** 7. nóv.

Út af þessu skal yður þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstafanar, að nú er ráðgjafinn hefir kynnt sjer nefndarálit það, er skattanefndin hefir samið, og lagafrumvörp þau, er því fylgdu, leyfir hann, að skjöl þessi sjeu prentuð, í 200 exemplörum, og 1 exemplar úthlutað hverjum alþingismanni, svo og, að eins sje farið með verk hinna nefndanna tveggja, svo framarlega sem yður, herra landshöfðingi, ekki finnst neitt á móti birtingu þeirra, er þjer hafið yfir farið þau.

Af því sem prentað verður eru þjer beðnir að senda ráðgjafanum nokkur exemplör.

— *Ágrip af brjefi* landshöfðingja *til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um* fjallvegi. — Amtsráðið hafði jafnframt tillögum sínum um, hverjir vegir ættu að vera fjallvegir í norður- og austurumdæminu, tekið fram, að viðgerð á Grímstungnaheiðarvegi og Stóra-Sandsvegi ætti að sitja í fyrirrúmi fyrir öðrum fjallvegabótum þar; einkum lægi mjög á gjörsamlegri endurbót á Grímstungnaheiðarveginum, og mundi ráð að láta skoða hann áður vandlega og vita, hvort eigi mætti færa hann svo, að hann yrði beinni og skemmri. **125** 9. nóv.

Landshöfðingi leggur nú fyrir amtmann að láta slíka skoðunargjörð fram fara í vor, svo snemma sem verður, og skulu skoðunarmenn eigi einungis til taka stefnu vegarins, heldur og breidd hans, og segja til, hvort nœgja muni að ryðja hann, eða hvað annað þurfi

Hinn 16. desember 1876.

Reykjavík 1876. Einar Þórðarson.